



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁÐS 29. APRÍL 2010

JAFNRÉTTI Í LÍFEYRISMÁLUM?

**... afleiðing slælegrar
ávöxtunar í sjóðssöfnunar-
kerfi er skerðing réttinda ...**

Þessa dagana berast reglulega fregnir af skerðingu lífeyrisréttinda innan almenna lífeyrissjóðakerfisins. Hrun íslenska bankakerfisins gekk verulega á uppsafnaðar eignir sjóðanna og hefur reynst flestum þeirra þungt í skauti. Afleiðing slælegrarávöxtunar í sjóðssöfnunarkerfi er skerðing réttinda enda verður ekki öðruvísi staðið undir lífeyrisgreiðslum til lengri tíma.

**... LSR mun ekki skerða
réttindi sinna sjóðsfélaga ...**

Einn sjóður skersig þó úr hópnum. Stærsti lífeyrissjóður landsins, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), mun ekki skerða réttindi sinna sjóðfélaga enda eru þau bundin í lög og því óháðávöxtun og eignum sjóðsins. LSR var á meðal þeirra lífeyrissjóða sem skiluðu verstriávöxtun árið 2008 en í stað þess að sjóðfélagar beri þann skaða fellur hann beint á ríkissjóð.

**... lífeyrisskuldbindingar
ríkissjóðs námu ríflega 340
milljörðum króna í lok árs
2008 ...**

Það skýtur skökku við að á sama tíma og stjórnvöld standa frammi fyrir gríðarlegri aðlögun í ríkisfjármálum skuli talið réttlætlegt að verja tugum milljarða í að verja lífeyrisréttindi afmarkaðs hóps vinnumarkaðarins. Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hafa vaxið hratt á undanförunum árum og námu ríflega 340 milljörðum króna í lok árs 2008. Séu teknir saman allir lífeyrissjóðir opinberra aðila nam tryggingafræðilegur halli þeirra yfir 500 milljörðum á sama tíma.

**... þetta er ávísun á
miklar skattahækkanir í
framtiðinni ...**

Ljóst má vera að óbreytt lífeyriskyrti opinberra starfsmanna er ósjálfbært, þrátt fyrir mun hærra mótframlag atvinnurekenda en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði. Frá árinu 2000 hafa að meðaltali verið gjaldfærðir um 20 milljarðar króna á ári í rekstri ríkissjóðs en samt sem áður hafa skuldbindingar vaxið verulega. Þetta er ávísun á miklar skattahækkanir í framtiðinni. Erfitt er að sjá réttlæti í því að starfsmenn almenna vinnumarkaðarins skuli þurfa að taka á sig skerðingu lífeyrisréttinda samhliða því að þurfa að standa undir ósjálfbærri lífeyriskyrti opinberra starfsmanna með auknum skattgreiðslum. Slíkt getur vart annað en flokkast undir mismunun af versta tagi.

... grundvöllur þess að lífeyriskerfið sé sjálfbært felst í því að iðgjöld sjóðsfélaga standi undir framtíðarlífeyrisgreiðslum þeirra ...

... lífeyrisréttindi eru háð frammistöðu sjóðanna ...

... ekki hefur verið talin ástæða til að opinberir starfsmenn tilheyri sama kerfi ...

... mótframlag ríkisins er helmingi hærra en gengur og gerist ...

... starfsmenn almenna vinnumarkaðarins bera kostnaðinn bæði fyrir sjálfa sig sem og opinbera starfsmenn ...

ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐAKERFIÐ STERKT

Þrátt fyrir efnahagsleg áföll síðustu misserin er íslenska lífeyrissjóðakerfið með þeim sterkustu á meðal Vestrænna þjóða. Almennir lífeyrissjóðir hafa verið byggðir upp á löngum tíma í góðu samstarfi aðila vinnumarkaðarins. Grundvöllur þess að lífeyriskerfi sé sjálfbært til lengri tíma, án framlags af hálfu ríkissjóðs, felst í því að umsamin iðgjöld sjóðfélaga standi undir framtíðarlífeyrisgreiðslum þeirra. Með sjóðsöfnunarkerfi af þessu tagi er létt verulega undir kostnaði ríkissjóðs af almannatryggingakerfinu og komið í veg fyrir að breytt aldurssamsetning þjóðarinnar skapi framtíðarkynslóðum of mikla byrði.

Með hliðsjón af þessu fyrirkomulagi hafa margir lífeyrissjóðir neyðst til að skerða réttindi sjóðsfélaga sinna til að bregðast við því mikla tapi sem fylgdi hruni íslensku bankanna. Ef ekki væri gripið til slíkra aðgerða myndi tryggingafræðileg staða sjóðanna rýrna enn frekar og líklegt að ekki myndi reynast unnt að standa undir lífeyrisgreiðslum framtíðarinnar. Þetta er eðli sjóðsöfnunarkerfis. Þegar ávöxtun er umfram lágmarkskröfu til að standa undir lífeyrisgreiðslum framtíðarinnar myndast svigrúm til umframréttinda og öfugt. Lífeyrisréttindi eru þannig háð frammistöðu sjóðanna og afkomu hagkerfisins.

EKKI SITJA ALLIR VIÐ SAMA BORD

Þrátt fyrir óumdeilda kosti almenna lífeyrissjóðakerfisins, jafnt fyrir ríkissjóð, sjóðfélaga og atvinnulíf, hefur ekki verið talin ástæða til að opinberir starfsmenn tilheyri sama kerfi. Þvert á móti njóta þeir lífeyriskjara sem eru langt umfram það sem gengur og gerist á almennum vinnumarkaði og vega verulega að fjárhagsstöðu ríkissjóðs í stað þess að styrkja hana. Af sögulegum ástæðum njóta ekki allir opinberir starfsmenn sömu lífeyrisskjara, en lífeyrisréttindi greinast í grófum dráttum í A og B-deild. Árið 1996 var lokað fyrir nýja sjóðfélaga í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en við stofnun hinnar nýju deildar, A-deildar, var gengið út frá þeirri forsendu að réttindi skyldu vera jafnverðmæt og þau höfðu verið fram til þessa.

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins eru skilgreind í lögum og til að standa undir lífeyrisskuldbindingum var reiknað með að lögbundið iðgjald þyrfti að vera 15,5% af heildarlaunum. Þar sem starfsmenn greiða einungis 4% í lífeyrissjóð er mótframlag ríkisins 11,5% eða nærri helmingi hærra en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði. Þrátt fyrir þetta háa mótframlag hafa lífeyrisskuldbindingar vaxið hratt og því er ljóst að enn hærra mótframlag þyrfti til að standa undir óbreyttu kerfi.

Ríkið þarf að standa við fyrirfram skilgreindar lífeyrisgreiðslur, hvort sem ávöxtun LSR reynist jákvæð eða neikvæð. Þetta er öfugt við sjóði almenna lífeyrisskjara þar sem réttindi skerðast ef ávöxtun er slæg. Það má því segja að undir slíkum kringumstæðum beri starfsmenn á almennum vinnumarkaðurinn kostnaðinn bæði fyrir sjálfa sig sem og opinbera starfsmenn.

ÓSJÁLFBÆRT KERFI TIL FRAMTÍÐAR

Mikilvægur þáttur í langtímabata á skuldastöðu ríkissjóðs felur í sér lágmarkun framtíðarskuldbindinga, einkum þær sem munu falla til vegna

... skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda skapa stigvaxandi kostnað fyrir ríkissjóð ...

óhagfelldari adurssamsetningu. Fram til þessa hafa aðgerðir stjórnvalda fyrst og fremst miðað að aukinni tekjuöflun til næstu missera án þess að hugað hafi verið að ýmsum aðkallandi úrlausnarefnum sem veikja verulega langtímarekstrargrundvöll ríkissjóðs. Þar standa hæst skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna, sem munu skapa stigvaxandi kostnað fyrir ríkissjóð á komandi árum.

Árið 2008 hækkuðu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs úr 230,6 milljörðum króna í 342,9 milljarða króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu hækkuðu skuldbindingarnar úr 17,7% í 23,4%. Samanlagt var tryggingafræðileg staða allra lífeyrissjóða opinberra aðila neikvæð um ríflega 500 milljarða króna í árslok 2008. Það er því langt í land fyrir almennan vinnumarkað að ná að greiða upp skuldbindingar lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna að fullu.

... frá 2000 til 2008 voru að meðaltali gjaldfærðir um 20 ma. á ári í rekstri ríkissjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna...

Frá árinu 2000 til ársins 2008 voru að meðaltali gjaldfærðir um 20 milljarðar á ári í rekstri ríkissjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna. Áðurnefnd B-deild LSR tæmist um eftir áratug og þá þarf ríkissjóður að leggja henni til árlegt framlag sem nemur yfir 1% af landsframleiðslu eða ríflega 15 milljarða króna á núverandi verðlagi. Ef framhald verður á þeirri afleitu ávöxtun sem A-deild hefur skilað fram til þessa munu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs halda áfram að vaxa hröðum skrefum. Vandamálin eru því þegar orðin áþreifanleg og munu síst fara minnkandi ef ekki er á þeim tekið.

... opinberu sjóðirnir eru með ótakmarkaða ábyrgð launagreiðenda ...

Þetta verður að teljast óviðunandi mismunun gagnvart öðru vinnuafla en opinberum starfsmönnum. Á almennum vinnumarkaði þurfa lífeyrissjóðir að rísa undir skuldbindingum sínum og réttindi launafólks skerðast þegar illa árar á sama tíma og opinberu sjóðirnir eru með ótakmarkaða ábyrgð launagreiðenda og þar með skattgreiðenda.

HVAÐ ER TIL RÁÐA?

Þar sem fyrirkomulag lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna lýtur ekki lögum almenns sjóðsöfnunarkerfis er erfitt að sjá hvaða tilgangi LSR þjónar. Frá árinu 1997, þegar A-deild sjóðsins var stofnuð, hefur raunávöxtun sjóðsins einungis numið 2%. Á sama tíma hefur raunkrafa á ríkissjóð verið nær 5% og því ljóst að um neikvæðan vaxtamun er að ræða. Þannig má segja að ríkissjóður sé raunverulega að tapa peningum á lélegri eignastýringu LSR og kostnaður vegna lífeyrisgreiðslna er mun hærrí en hann væri án starfrækslu sjóðsins. Til viðbótar má nefna að skrifstofu- og stjórnunarkostnaður LSR árið 2008 nam tæplega 500 milljónum króna, en þar starfa um 40 manns.

... erfitt er að sjá hvaða tilgangi LSR þjónar ...

Með hliðsjón af þessu væri eðlilegt að leggja einfaldlega LSR niður og nýta eignir hans til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Áunnin réttindi opinberra starfsmanna myndi að sjálfsögðu standa óhreyfð og lífeyrisgreiðslur vegna þeirra gjaldfærast á ríkissjóð þar til sjóðfélagar hafa notið uppsafnaðra réttinda. Frá þeim degi sem LSR væri lagður niður myndu opinberir starfsmenn velja sér lífeyrissjóð rétt eins og aðrir starfsmenn vinnumarkaðarins. Mótframlag ríkissins væri með sama hætti og hjá öðrum atvinnurekendum eða 8%. Að sama skapi væri ríkinu skylt að greiða mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar.

... áunnin réttindi opinberra starfsmanna myndu standa óhreyfð ...

... opinberir starfsmenn hefðu frelsi til að ákvarða hvaða lífeyrissjóði þeir vilja tilheyra ...

Ráðstöfun af þessu tagi fæli í sér að lífeyrisframlag ríkissjóðs væri fyrirsjáanlegt og endanlegt, auk þess sem opinberir starfsmenn hefðu þá frelsi til að ákvarða umfang viðbótarlífeyrissparnaðar og hvaða lífeyrissjóði þeir vilja tilheyra. Lífeyrisréttindin væru þá ekki lengur lögbundin og því þyrftu opinberir starfsmenn að taka á sig skerðingu réttinda reynist ávöxtun sjóðanna ófullnægjandi rétt eins og starfsmenn á almennum vinnumarkaði hafa þurft að gera undanfarnar vikur. Til viðbótar við jákvæð hagræn áhrif lausnar af þessu tagi er ljóst að með jöfnun lífeyrisréttinda væri komið verulega til móts við starfsfólk á almennum vinnumarkaði, sem fram til þessa hefur borið mikinn kostnað vegna lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna.

LÍFEYRISKERFIÐ Á AÐ EFLA RÍKISSJÓÐ

Styrkur almenna lífeyrissjóðakerfisins er ekki síst mikilvægur fyrir ríkissjóð. Núverandi aldursamsetning þjóðarinnar er afar hagfelld, þar sem tæplega sex sinnum fleiri eru á vinnualdri en eftirlaunaaldri. Þetta mun breytast umtalsvert á komandi árum og gera áætlanir ráð fyrir að eftir um þrjátíu ár verði þetta hlutfall komið niður í tvo á vinnualdri á móti hverjum eftirlaunaþega. Sterkt lífeyriskerfi er því grundvöllur þess að hægt sé að búa eldra fólk sómasamlegt ævikvöld í framtíðinni, án þess að of miklar skattbyrðar verði lagðar á vinnuafli. Sjóðssöfnun almenna lífeyriskerfisins spilar lykilhlutverk í því samhengi. Það skýtur því skökku við að þetta mikilsverða framlag almenns vinnumarkaðar til rekstargrunns ríkissjóðs skuli vera eytt út með lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Í stað þess að viðhalda ósjálfbæru kerfi á kostnað skattborgara væri því nær að opinberir starfsmenn tækju þátt í því kerfi sem stuðlar að sterkari stöðu ríkissjóðs til langframa.

... sterkt lífeyriskerfi er algjör grundvöllur þess að hægt sé að búa eldra fólk sómasamlegt ævikvöld...

Við móttun úrbóta í ríkisfjármálum, jafnt til lengri og skemmri tíma, er mikilvægt að hugað verði að heildarhagsmunum fremur en sérhagsmunum. Jafnmiklu skiptir að umræðan sé ekki leidd í þær skotgrafir sem of lengi hafa einkennt erfið úrlausnarefni. Endurskoðun í lífeyrismálum opinberra starfsmanna hlýtur að vera ein af þeim lausnum sem stjórnvöld sjá fyrir sér í þessu erfiða verkefni enda er erfitt er að sjá réttlætanleg rök fyrir þeim miklu umframréttindum sem opinberir starfsmenn búa við í dag.

... mikilvægt er að hugað verði að heildarhagsmunum fremur en sérhagsmunum ...

Nánari upplýsingar veita Frosti Ólafsson aðstoðarframkvæmdastjóri og Haraldur I. Birgisson yfirlögfræðingur í síma 510-7100.